



Hestamannafélagið Sprettur

Aðalfundur Sprettis 1. apríl 2025, fundur hófst kl. 20:00.

Staður: Veislusalur Sprettis

Dagskrá fundarins er samkvæmt 10. gr. laga félagsins.

1. Fundarsetning.
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
3. Skýrsla stjórnar um störf félagsins á síðasta starfsári.
4. Framlagning reikninga félagsins.
5. Lagabreytingar.
6. Kosning stjórnar skv. 6. gr. laga félagsins.
7. Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara skv. 6. gr. laga félagsins.
8. Kosning í nefndir skv. 17. gr. laga félagsins.
9. Ákvörðun félagsgjalds.
10. Fjárhagsáætlun næsta árs.
11. Önnur mál er félagið varða.

1. Fundarsetning.

Jónína Björk Vilhjálmsdóttir, formaður félagsins, setur fundinn.

2. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Formaður leggur til að Guðmundur Hagalínsson verði fundarstjóri og Haraldur Pétursson ritari. Var það samþykkt með lófaklappi.

3. Skýrsla stjórnar um störf félagsins á síðasta starfsári.

Formaðurinn fór yfir skýrslu stjórnar fyrir árið 2024. Skýrslan er aðgengileg á heimsasíðu Sprettis og verður innihald hennar því ekki rakið hér. <https://sprettur.is/adalfundur-og-skýrsla-stjornar/>

Æskulýðsnefnd og Þórdísi Önnu Gylfadóttir yfirþjálfara voru gefnir bólmvendir sem og þakkir fyrir mikið og gott starf á undanförunum árum sem leiddi til þess að Sprettur fékk æskulýðsbikar LH á síðasta landsþingi LH.

Kynningar frá nefndum:

Jón Magnússon formaður Reiðvegnefndar kom og kynnti starf nefndarinnar sem snýst aðallega um viðhald á reiðvegum og koma nýjum reiðvegum í framkvæmd. Nýjustu verkefni er kafla fyrir neðan Hattarvallarhöllina og ný leið frá Grunnuvatnaskarði yfir á Heiðmerkurveginn í staðinn fyrir veginn sem við erum að missa í Garðabæ. Um 5 millj. fóru í reiðvegi á síðasta ári og rúmar 6 millj. eru til ráðstöfunar í ár. Jón benti fundarmönnum á að henda ekki efni úr gerðum við endurnýjun, efnið nýtist vel í reiðvegagerð.

Sigurður Guðni formaður Sjálfbærnefndar kom og kynnti starf nefndarinnar sem var stofnuð eftir auglýsingu haustið 2023. Nefndin er vel skipuð og hefur haldist óbreytt frá upphafi. Stærsta

málið undanfarið er taðmálið en möguleg lausn er að finna stað til uppgræðslu þar sem nýta má taðið. Horft er fram á lausn sem dugar í ca. 20. ár en beðið er eftir svári frá Kópavogsbæ. Garðabær er tilbúinn og Heilbrigðiseftirlitið. Sorpa hækkaði gjaldið úr 2 í 26 kr/kg sem er gríðarleg kostnaðaraukning því það koma um 20 kg af taði á dag frá hverjum hesti á húsi. Sigurður hefur tekið þátt í starfi nefndar LH um taðmál og er LH hópurinn að vinna í að taka saman fjölda hrossa á höfuðborgarsvæðinu. Sjálfbærninefndin er farin að skoða skipulagsgögn, mtt. aðgengis að svæðinu og taka saman gögn um að bæta ásýnd svæðisins með landmótun og gróðursetningu.

Fulltrúar Æskulýðsnefndar, Þórunn Hannesdóttir, Berglind Guðmundsdóttir og Inga Berg Gísladóttir voru með kynningu á starfsemi nefndarinnar. Farin var ferð til Stokkhólms sl. haust og stefnt er á að fara aftur í haust. Einnig var farið í sveitaferð sem heppnaðist vel og haldin var vegleg uppskeruhátíð með Fáki. Mikil aukning hefur verið í skráningu á námskeið sem boðar gott fyrir framtíðina. Síðast en ekki síst var minnst á Æskulýðsbikarinn sem Sprettur fékk á síðast landsþingi LH og vilja helst ekki láta hann af hendi. Dagskrá þessa vetrar fjölbreytt en gaman hefði verið á sjá fleiri foreldra mæta á foreldrafundinn.

Fundarstjóri lagði til að umræða um skýrslu stjórnar færi fram samhliða umræðu um reikninga félagsins.

4. Framlagning reikninga félagsins.

Lárus Sindri Lárusson, gjaldkeri, fór yfir reikninga síðasta árs og fjárhagsáætlun næsta árs. Fyrst fyrir Fasteignafélagið, svo Rekstrarfélagið og að lokum fyrir Hestamannafélagið sjálft. Helst að nefna að yfirdrátturinn stóð í 14 millj um áramótin og nefndi jafnframt að núna væri yfirdrátturinn nánast ónýttur.

Fundarstjóri opnaði fyrir spurningar um skýrslu stjórnar og reikninga.

Börkur Hólmgeirsson spurði um gervigras rúllurnar neðst í Heimsendanum, hvenær fer þetta? Jónína svaraði að ítrekað sé búið að hafa samband við Kópavogsbæ en lítið hefur gerst. Bað fólk að senda ábendingu til bæjarins um málið, á Íþróttu og tólmstundaráð.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson (eldri), kom upp og þakkaði þeim sem stýra þessu félagi, hafði á orði að búið væri að bjarga félagi frá gjaldþroti, taðmálið leyst og æskulýðsbikarinn kominn í hús. Lísa spurði um verklok á vatnstankaframkvæmdinni. Jónína svaraði að líklega ljúki framkvæmdunum í haust.

Reikningarnir voru samþykktir einróma.

5. Lagabreytingar.

Arnar Heimir Lárusson fór yfir verklag við breytingartillögur sem hafa borist. Nokkrar tillögur bárust frá stjórn og félagsmönnum. Farið eftir gildandi samþykktum félagsins á vefsíðunni.

Tillögur stjórnar og laganefndar skv. fundarboði.

- a. Í 4. tölul. 2. mgr. 2. gr.: Í stað „góðhestakeppnir“ komi „gæðingakeppnir“.
- b. Í 1. másl. 4. gr.: Í stað „janúar ár hvert“ komi „15. mars ár hvert“.
- c. Í 1. másl. 5. gr.: Í stað „janúar ár hvert“ komi „1. apríl ár hvert“
- d. Í 2. másl. 1. mgr. 9. gr.: Í stað „10%“ komi „5%“.
- e. Í 3. másl. 1. mgr. 9. gr.: Í stað „Stjórn félagsins skal boða fundi með minnst þriggja daga fyrirvara með auglýsingu á vefsíðu félagsins, í dagblöðum og/eða útvarpi eða með

bréflægri tilkynningu“ komi „Stjórn félagsins skal boða fundi með minnst þriggja daga fyrirvara með auglýsingu á vefsíðu félagsins eða öðrum sannanlegum hætti.“

f. Í 1. másl. 2. mgr. 9. gr.: Í stað „10%“ komi „5%“

g. Í 2. másl. 10. gr.: Í stað „desember ár hvert“ komi „1. apríl ár hvert“.

h. Í 2. másl. 10. gr.: Í stað „með minnst viku fyrirvara“ komi „með minnst þriggja vikna fyrirvara“.

i. Í 11. gr.: Í stað „október til 30. september“ komi „1. janúar til 31. desember“

j. Í 3. másl. 20. gr.: Í stað „Lagabreytingar sem félagsmenn vilja leggja fram, skulu berast stjórn félagsins eigi síðar en fjórum vikum fyrir boðaðan aðalfund“ komi „Lagabreytingar sem félagsmenn vilja leggja fram, skulu berast stjórn félagsins eigi síðar en tveimur vikum fyrir boðaðan aðalfund“.

Tillögur sem bárust frá félagsmönnum skv. fundarboði.:

a. Á eftir 3. másl. 4. gr. komi ný másl.: „Félagar 18-67 ára greiða fullt félagsgjald“.

b. Í núverandi 4. másl. 4. gr.: Í stað *Félagar sem eru 67 ára og eldri geta sótt um niðurfellingu félagsgjalds*“ komi „Félagar sem eru 67 ára og eldri og öryrkjar fá 20% afslátt af félagsgjaldi ár hvert“.

c. Í 1. másl. 6. gr.: Í stað „Stjórn félagsins Stjórn félagsins skal skipa sjö menn:“ komi „Stjórn félagsins skal skipa sjö manneskjur og tvær manneskjur“.

d. Á eftir 3. másl. 6. gr. komi: „Löglegir til framboðs eru allir 18 ára og eldri, skuldlausir félagsmenn með hreint sakarvottorð“.

e. Á eftir 7. másl. 6. gr. komi nýr másl.: „Hætti einstaklingur í stjórn áður en kjörtímabili lýkur tekur varamanneskja við viðkomandi stjórnarplássi og skal sú breyting færð í fundargerð“.

f. Í 2. másl. 10. gr.: Í stað „með minnst viku fyrirvara“ komi „með minnst fimm vikna fyrirvara“.

g. Á eftir 1. másl. 17. gr. komi nýr másl.: „Allir sem taka að sér störf fyrir félagið skulu vera með hreint sakarvottorð“.

h. Í 5. gr. komi inn ný málsgrein, svohljóðandi: „Hver skuldlaus félagsmaður hefur eitt atkvæði á félagsfundum í félaginu, hvort sem um er að ræða almennan félagsfund, aðalfund félagsins eða eftir atvikum aðra fundi. Félagsmanni er heimilt að veita öðrum félagsmanni umboð til þess að mæta á fund í félaginu, flytja tillögur, taka til máls og greiða atkvæði fyrir sína hönd. Umboðsmaður má einungis mæta til fundar samkvæmt umboði eins félagsmanns og er því mest hægt að fara með atkvæði tveggja félagsmanna á fundi í félaginu. Skuldi umboðsmaður félagsgjöld og hefur sjálfur ekki réttindi á fundum félagsins telst umboð til hans vera fallið niður.“

Fundarstjóri opnaði fyrir umræðu um lagabreytingarnar.

Jón Magnússon kom og ræddi um breytingar tillöguna á 5.gr. um umboðin. Hann er hlyntur þessari tillögu og finnst núverandi fyrirkomulag félaginu ekki til framdráttar.

Ágústa Halldórsdóttir ræddi breytingartillögu á 6 gr, um „manneskju“, finnst það ekki vera rétt. Maður er rétta orðið.

Börkur Hólmgeirsson var sammála tillögunni um að nota „manneskju“ í 6.gr.

Lárus Finnbogason sér ekki þörf á fleiri mönnum í stjórn félagsins. Áttar sig ekki á tillögunni um sakarvottorð, velti fyrir sér hvernig það ætti að framkvæmast og hvað með persónuverndarlög.

Linda Gunnlaugsdóttir skýrði fjölda stjórnarmanna, ákveðið var á sínum tíma að hafa 7 og enga varamenn. Sakarvottorð hefur verið til umræðu í LH en ekkert komið í lög ennþá. En þetta er í

Í þróttalögum, hægt er að kalla eftir sakarvottorði ef unnið er með börnum yngri en 18 ára.

Atkvæðagreiða um lögin fór eins og hér segir:

Tillögur stjórnar og laganefndar

- a. 4. tölul. 2.mgr. 2.gr., samþykkt
- b. 1. másl. 4. gr., samþykkt.
- c. 1. másl. 5 gr., samþykkt,
- d. 2. másl. 1. mgr. 9 gr., samþykkt
- e. 3. másl. 1. mgr. 9 gr., samþykkt
- f. 1. másl. 2. mgr. 9 gr., samþykkt,
- g. 2. másl. 10. gr., samþykkt
- h. 2. másl. 10. gr., 3 vikur samþykkt, 5 vikur ekki samþykkt, sjá f lið í tillögum frá félagsmönnum
- i. 11 gr., samþykkt.
- j. 3. Másl, .20 gr. samþykkt,

Tillögur frá félagsmönnum:

- a. Á eftir 3. másl. 4. gr. komi ný másl, ekki samþykkt.,
- b. Í núverandi 4. másl. 4. gr., ekki samþykkti
- c. 1. másl. 6. gr, ekki samþykkt,
- d. Á eftir 3. másl. 6. gr., ekki samþykkt,
- e. Á eftir 7. másl. 6. gr. komi nýr másl., ekki samþykkt,
- f. Í 2. másl. 10. gr., ekki samþykkt,
- g. Á eftir 1. másl. 17. gr. komi nýr másl., ekki samþykkt,
- h. Í 5. gr. komi inn ný málsgrein, svohljóðandi.: Samþykkt

6. Kosning stjórnar skv. 6. gr. laga félagsins.

Eftirfarandi félagsmenn bjóða sig fram til stjórnar en nú eru laus 3 sæti til tveggja ára. Ekki er þörf á kosningu.

Sigrún Valþórsdóttir, kom og kynnti sig, er á Hliðarenda 8 með sinni fjölskyldu. Byrjaði í hestamennsu í félagshesthúsinu í Sörla (50 manna hús). Hefur áhuga á að allir sem samheldn, virðingu og opni dyrnar fyrir öllum sem vilja stunda hestamennsku. Vill hveta til þáttöku í starfi félagsins.

Davíð Áskelsson og Haraldur Pétursson gefa kost á sér áfram í stjórn.

7. Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara skv. 6. gr. laga félagsins.

Tillaga um Jóhönnu Elku Geirsdóttur og Jóhönnu Vilhjálmsdóttur sem aðal skoðendur og til vara Hrefnu Karlsdóttur og Sigurð Tyrfinngsson var samþykkt.

8. Kosning í nefndir skv. 17. gr. laga félagsins.

Fundarstjóri skoraði á félagsmenn að skrá sig í nefndir félagsins. T.d. hjá stjórn eða starfsmönnum.

9. Ákvörðun félagsgjalds.

Tillaga stjórnar er að félagsgjaldið verði, 22.500 kr.

Fundarstjóri bar tillöguna til atkvæðagreiðslu og var hún samþykkt samhljóða.

10. Fjárhagsáætlun næsta árs.

Gjaldkerfi kynnti fjárhagsáætlun næsta árs. Áætlunin gerir ráð fyrir ca. 15 millj rekstrarafgangi.

Spurt um hundasýningarnar, afhverju eru þær að hætta. Jónína svaraði því að HRFÍ hefði ákveðið að leita að minna og ódýrari stað fyrir sínar sýningar.

11. Önnur mál er félagið varða.

Linda Gunnlaugsdóttir kom og þakkaði stjórn fyrir sín störf og ánægð með að yfirdrátturinn sé horfinn. Hvatti alla til að mæta hér í Samskipahöllina á sýninguna Allra Sterkustu 19 apríl.

Formaður Spretts þakkaði fundargestum fyrir góðan fund og bauð Sigrúnu velkomna í stjórnina.

Fundi slitið kl. 22:20

Fundargerð ritaði Haraldur Pétursson